Menningarstarf á vegum Kópavogsbæjar 2016

Mikill kraftur einkenndi menningarstarfið á vegum Kópavogsbæjar á árinu 2016. Áfram var unnið að þeim markmiðum sem sett voru í nýrri menningarstefnu bæjarins vorið 2015. Leiðarljósið er að laða að enn fleiri gesti í Menningarhús Kópavogsbæjar og gefa bæjarbúum sem og öðrum gestum kost á að njóta listar, fróðleiks og menningar og bæta þar með mannlíf og lífsgæði.

Á árinu var lögð sérstök áhersla á að markaðssetja og kynna starfið betur, efla menningarfræðslu einkum fyrir yngstu kynslóðina, þróa og gera tilraunir með nýja viðburði og hátíðir og að gera umhverfið, og sömuleiðis rými húsanna, meira aðlaðandi og notalegra fyrir gesti.

Hér er farið yfir helstu þætti í menningarstarfi á vegum Kópavogsbæjar á nýliðnu ári og er þetta í annað sinn sem slíkt yfirlit er sett fram um áramót. Markmiðið er að bæjarbúar og aðrir hafi betri yfirsýn og upplýsingar um starfið.

Hafa verður í huga að það sem hér er dregið fram er aðeins brotabrot af því starfi sem fram fer í menningarmálum á vegum bæjarins allan ársins hring en ársskýrslur hvers og eins Menningarhúss er hægt að nálgast á vefjum hvers þeirra um sig. Upplýsingar um ársreikning og fjárhagsáætlun má finna á vef bæjarins; kopavogur.is.

Samtals vinna hátt í 50 starfsmenn hjá Menningarhúsum Kópavogsbæjar og er ljóst að sá árangur sem náðst hefur í málaflokknum væri aldrei tilkominn nema vegna þess frábæra starfsfólks sem bærinn hefur á að skipa.

Menningarmál á vegum Kópavogsbæjar

Starfsemi Menningarhúsa Kópavogsbæjar, sameiginlegir listviðburðir, menningarhátíðir og menningarfræðsla, markaðs- og kynningarmál, utanumhald um menningarstyrki og fleira er undir einum hatti innan stjórnsýslu bæjarins eða málaflokki menningarmála í Kópavogi. Málaflokkurinn tilheyrir stjórnsýslusviði bæjarins. Formlegt heiti málaflokksins innan stjórnsýslunnar er Listhús Kópavogsbæjar en það nafn hefur þótt ógegnsætt og þröngt og því var á árinu leitast við að breyta því í Menningarmál á vegum Kópavogs eða Menningarhúsin í Kópavogi, samhliða því sem kynningarmálin voru endurskoðuð, en rétt er að halda því til haga að málaflokkurinn nær yfir mun stærra svið en einungis rekstur og starfsemi Menningarhúsanna. Hlutverk Listhúss eða málaflokks menningarmála í Kópavogi og þar með forstöðumanns þess er að fylgja eftir menningarstefnu bæjarins og gera tillögur að breytingum sem nauðsynlegar eru til að hægt verði að framfylgja stefnunni sem best.

Forstöðumaður málaflokksins hefur auk þess umsjón og rekstrareftirlit með starfsemi allra Menningarhúsa bæjarins, þ.e. Salarins, Tónlistarsafns Íslands, Gerðarsafns, Náttúrufræðistofu Kópavogs, Bókasafns Kópavogs og Héraðsskjalasafns Kópavogs. Forstöðumaður leiðir samvinnu og samhæfingu Menningarhúsanna, hefur yfirumsjón með sameiginlegum viðburðum, sameiginlegri menningarfræðslu, markaðssetningu og kynningu.

Yfir hverju Menningarhúsi er forstöðumaður eða listrænn stjórnandi sem ber ábyrgð á faglegu starfi og daglegum rekstri gagnvart forstöðumanni menningarmála og vinnur náið með forstöðumanni og forstöðumönnum annarra húsa og verkefnastjóra fræðslu- og kynningarmála að sameiginlegum verkefnum.

Lista- og menningarráð fer með og mótar menningarstefnu bæjarins, samkvæmt erindisbréfi. Ráðið er kosið af bæjarstjórn í upphafi kjörtímabil og veitir faglega ráðgjöf í málaflokknum. Ráðið sér jafnframt um útnefningu heiðurslistamanns og bæjarlistamanns og úthlutar styrkjum úr lista- og menningarsjóði samkvæmt þeim reglum sem það hefur sett sér og samþykktar hafa verið í bæjarstjórn.

Stjórnendur

Forstöðumaður menningarmála í Kópavogi:
Arna Schram
Forstöðumaður Salarins:
Aino Freyja Jäarvelä
Forstöðumaður Náttúrufræðistofu:
Finnur Ingimarsson
Forstöðumaður Héraðsskjalasafns:
Hrafn Sveinbjarnarson
Forstöðumaður Bókasafns Kópavogs:
Lísa Z. Valdimarsdóttir
Forstöðumaður Tónlistarsafns Íslands:
Bjarki Sveinbjörnsson
Listrænn stjórnandi Gerðarsafns:
Kristín Dagmar Jóhannesdóttir
Verkefnastjóri fræðslu- og kynningarmála:
Ólöf Breiðfjörð

Hjá Menningarhúsum Kópavogs starfa samtals hátt í 50 manns.

Lista- og menningarráð Kópavogs, skipað árið 2013:
Karen E. Halldórsdóttir, formaður
Auður Sigrúnardóttir, varaformaður
Sigurður Sigurbjörnsson
Þórunn Sigurðardóttir (skipuð vorið 2016 í stað Hannesar Friðbjarnarsonar)
Björg Baldursdóttir
Þuríður Backman, áheyrnarfulltrúi

Varamenn:
Magdalena Anna Torfadóttir
Þórður Gunnarsson
Bergþór Skúlason
Hafsteinn Karlsson,
Birtna Björnsdóttir
Einar Ólafsson, varamaður áheyrnarfulltrúa

Fundir á árinu voru alls 13.

Aðgerðaáætlun

Eftir að ný menningarstefna fyrir Kópavogsbæ var samþykkt vorið 2015 var hafist handa við að vinna upp úr stefnunni aðgerðaáætlun fyrir komandi ár en allir starfsmenn Menningarhúsa Kópavogsbæjar komu að þeirri vinnu á sameiginlegum vinnufundum. Áætlunin var kynnt lista- og menningarráði þá um haustið og var hún notuð sem leiðarvísir í starfi málaflokksins fyrir árin 2015 og 2016.

Aðgerðaáætluninni var ætlað að tryggja að menningarstefnan væri lifandi plagg sem væri fylgt eftir með skýru verkplani og aðgerðum. Hverri aðgerð fylgdi kostnaðargreining en menningarstefnunni fylgdi ekki aukið fjármagn til málaflokksins heldur var unnið að markmiðum hennar með breyttri forgangsröðun og hagræðingu.

Áætluninni var skipt niður í eftirfarandi flokka: Fræðslustarf fyrir börn og ungmenni, sýnileika menningarstarfs, öflugra samstarf Menningarhúsa bæjarins, sérstöðu menningarstarfs og framtíðarsýn. Hverjum flokki fylgdu svo leiðbeiningar úr menningarstefnunni og aðgerðalisti í nokkrum liðum.

Skemmst er frá því að segja að af þeim alls 23 aðgerðum sem þá voru settar á blað hefur 15 verið hrint í framkvæmd, 4 eru í vinnslu en 4 hefur ekki tekist að fjármagna, verið frestað eða settar á bið.

Af þeim aðgerðum sem hafa náð fram að ganga má nefna skipulagðari menningarfræðslu barna og ungmenna og kynningu á henni, samræmingu á heildstæðu kynningarstarfi Menningarhúsa Kópavogs, flutning aðventuhátíðar bæjarins yfir á svæði Menningarhúsanna, breytingar á rými Bókasafns Kópavogs til að mæta betur þörfum gesta, öflugra fræðslustarf starfsmanna og skipun listráða Gerðarsafns og Salarins til að efla faglega ráðgjöf til stjórnenda.

Óperudagar í Kópavogi

Á árinu var gerð tilraun með nýja þemahátíð sem hlaut nafnið Óperudagar í Kópavogi. Fór hún fram í byrjun júní. Fyrirmyndin er sótt til Óperudaga í Rotterdam. Hátíðin þótti ríma vel við nýja menningarstefnu en með henni var leitast við að auðga menningarlífið í bænum, nálgast óperuformið með óhefðbundnum hætti og skapa vettvang fyrir unga og upprennandi listamenn.

Áhersla var lögð á að breyta bænum í óperusvið og færa óperuna út til almennings, svo sem með uppákomum á kaffihúsum, í sundi, í verslunarmiðstöð, í skólum og á hjúkrunarheimili en viðburðir fóru einnig fram í húsnæði Leikfélags Kópavogs, Salnum, Gerðarsafni, Tónlistarsafni Íslands og Bókasafni Kópavogs. Nálægð húsanna og samspilið milli þeirra naut sín vel á hátíðinni sem hafði svo aftur jákvæð og smitandi áhrif á næsta nágrenni.

Dagskráin var fjölbreytt með um 35 viðburðum. Má þar nefna óperugöngur í hjarta bæjarins með óvæntum uppákomum fyrir börn og fullorðna, nýja fótboltaóperu í tilefni EM í fótbolta, hádegistónleika í Salnum, stuttar óperuuppfærslur, masterklass með Kristni Sigmundssyni, stofutónleika og kabarettkvöld.

Um 70 ungir söngvarar og aðrir tónlistar- og listamenn tóku þátt í hátíðinni og hátt á annað þúsund manns og þar af um 800 skólabörn úr Kópavogi nutu hátíðarinnar. Ókeypis var inn á alla viðburði nema hádegistónleika í Salnum.

Þetta var mikil veisla og er óskandi að ungir óperusöngvarar fái slík tækifæri á hverju ári. Þá verður virkilega hægt að kenna Kópavog við þessa tegund tónlistar: Óperubærinn Kópavogur. Hvernig hljómar það?

Silja Aðalsteinsdóttir
bókmenntafræðingur um Óperudaga

Fræðslustarf eflt fyrir fjölskyldur og skólabörn

Í menningarstefnu bæjarins er lögð mikil áhersla á fræðslumál og á þeim grunni var ákveðið að efla enn frekar barnamenningarfræðslu. Á vormánuðum var ráðið í nýja stöðu verkefnastjóra fræðslu- og kynningarmála, sem eins og nafnið gefur til kynna á að halda utan um barnamenningarfræðslu og kynningu þvert á öll Menningarhúsin í Kópavogi. Þannig átti að styrkja enn frekar fræðslustarf allra Menningarhúsa Kópavogsbæjar með skipulagðara utanumhaldi, kynningu og samstarfi við skólasamfélagið.

Í rökstuðningi fyrir hinu nýja stöðugildi var vitnað í nýja menningarstefnu Kópavogsbæjar þar sem segir að innan veggja Menningarhúsa bæjarins eigi að fara fram markviss fræðsla barna og ungmenna bæjarins. Einnig var vísað í safnalög þar sem rík áhersla er lögð á menntunarhlutverk safna og menningarhúsa og í siðareglum ICOM, alþjóðaráðs safna, segir m.a. að söfnum og menningarhúsum beri sérstök skylda til að rækta menntunarhlutverk sitt og laða til sín safngesti úr því samfélagi sem safnið eða menningarhúsið þjónar.

Mikilvægt er að halda því til haga að Menningarhúsin í Kópavogi hafa fram að þessu sinnt menningarfræðslu eins og þeim hefur verið frekast unnt, miðað við mannafla og fjármagn, og m.a. að frumkvæði einstakra starfsmanna Menningarhúsanna, en með nýju stöðugildi gefst færi á að halda mun fleiri boltum á lofti, grípa fleiri hugmyndir og mæta betur þeirri þörf sem nærsamfélagið kallaði eftir, svo sem skólarnir í Kópavogi. Jafnframt tekst með hinu nýja stöðugildi að koma fræðslustarfinu betur á framfæri og kynna það betur út á við og inn á við. Þar með verður starfsemi Menningarhúsanna í heild mun meira áberandi og laðar að fleiri gesti.

Verður hér í undirköflum farið yfir stærstu verkefnin sem heyra undir menningarfræðslu Menningarhúsa Kópavogsbæjar.

Menning fyrir alla Verkefnið Tónlist fyrir alla, sem stýrt var af Þórunni Björnsdóttur kórstjóra, var eitt af þeim verkefnum sem skorið var niður árin eftir hrun, en verkefnið gekk út á að kynna tónlistina og starfsemi Salarins gagnvart öllum skólabörnum í Kópavogi.

Sumarið 2016 var ákveðið í samstarfi við Þórunni að hefja verkefnið að nýju hjá Menningarhúsum Kópavogs en fella það undir stærra fræðsluverkefni á vegum Menningarhúsanna sem hlaut nafnið Menning fyrir alla.

Markmiðið með Menningu fyrir alla er að allir nemendur skóla í Kópavogi fái að kynnast því starfi sem fram fer í Menningarhúsum bæjarins, hvort sem er í listum eða vísindum. Þannig fengu t.d. yngstu bekkir allra skóla í Kópavogi á haustmánuðum heimboð í Salinn á tónlistarsýningu um Pétur og úlfinn. Einnig voru skipulagðar heimsóknir eldri bekkja í tvö Menningarhús í einni og sömu ferðinni en slíkar heimsóknir hófust vorið 2015 og nutu strax mikilla vinsælda.

Í verkefninu Menningu fyrir alla er gott samstarf við landsverkefnið List fyrir alla, sem heyrir undir menntamálaráðuneytið, og má sem dæmi nefna að í gegnum síðarnefnda verkefnið var skólabörnum úr öðrum sveitarfélögum boðið að koma í Salinn og njóta Péturs og úlfsins.

Sumarnámskeið í Menningarhúsum Kópavogs Um sumarið var gerð tilraun með heilsdags sumarnámskeið fyrir börn, þar sem þau gátu kynnst myndlist, náttúruvísindum og bókmenntum í Gerðarsafni, Náttúrufræðistofu Kópavogs og Bókasafni Kópavogs. Námskeiðið stóð yfir í viku og komust færri að en vildu. Með þessari nýbreytni vildi bærinn auka framboð námskeiða fyrir börn á sumrin en námskeiðið var skipulagt í samstarfi Menningarhúsa Kópavogsbæjar og menntasviðs Kópavogsbæjar. Innheimt var þátttökugjald sem mætti útlögðum kostnaði við námskeiðið. Stefnt er að því að bjóða sams konar námskeið næsta sumar.

Fjölskyldustundir á laugardögum Í upphafi árs var ákveðið að efla og samhæfa fræðslu fyrir börn og ungmenni í Menningarhúsum Kópavogs með því að bjóða dagskrá í einu eða fleiri menningarhúsum á laugardögum, svo sem listsmiðjur, upplestur, vísindastarf, tónleika, leikrit og svo framvegis. Hugmyndin er sú að á hverjum laugardegi frá kl. 13 geti fjölskyldur gengið að því sem vísu að ókeypis fjölskyldudagskrá sé í boði í einhverju Menningarhúsanna. Tilgangurinn er einnig að kynna starfsemi húsanna betur gagnvart bæjarbúum og minna á að þau séu opin öllum.

Dagskrá fjölskyldustunda stóð fram til loka maí en hlé var gert yfir sumarmánuðina. Að hausti var leikurinn endurtekinn og ákveðið að skipuleggja dagskrána betur fram í tímann og senda upplýsingar um fjölskyldustundirnar í hvert hús í Kópavogi. Þannig var dagskráin fram að jólum aðgengileg Kópavogsbúum. Nú liggur fyrir dagskrá fjölskyldustunda Menningarhúsa Kópavogsbæjar frá janúar til vors 2017.

Dagskrá í vetrarfríum skólanna Menningarhúsin hafa síðustu misseri markvisst boðið upp á dagskrá fyrir skólabörn í vetrarfríum grunnskóla Kópavogsbæjar. Þannig vilja Menningarhúsin hvetja börn og ungmenni til að sækja sér afþreyingu í menningu og listum í frítíma sínum. Þetta hefur gefist vel og námskeið, fræðsla og afþreying verið vel sótt í vetrarfríum.



GUÐNÝ GUÐMUNDSDÓTTIR, LISTRÆNN STJÓRNANDI CYCLE 2016

STARFSMENN MENNINGARHÚSA KÓPAVOGSBÆJAR BREYTTU BÍLASTÆÐUM
Í FALLEGT ÚTIVISTARSVÆÐI MEÐ LISTAVERKUM OG LEIKTÆKJUM

Markaðssetning og kynning

Áfram var unnið að því að taka í gegn heildarútlit og merki hvers og eins Menningarhúss Kópavogs og starfsins í heild. Tilgangurinn með því er að endurnýja og betrumbæta kynningarefni, láta kynningarefni og auglýsingar frá húsunum tala betur saman og að skapa heildræna ásýnd menningarstarfsins. Allt þetta skiptir máli í markaðssetningu og kynningu á menningarstarfi Kópavogsbæjar en í menningarstefnu bæjarins er mikil áhersla lögð á betri markaðssetningu. Unnið var að þessum málum með hönnunarteymi Studio Studio.

Merkingar á svæðinu í og við Menningarhúsin voru einnig bættar á árinu. Sett voru upp upplýsingaspjöld um starfsemina á svæðinu, fánar merktir Menningarhúsum Kópavogs blakta nú við Salinn og Tónlistarskóla Kópavogs og auglýsingaborði um komandi viðburði var hengdur upp á gafl Bókasafns Kópavogs.

Þessari vinnu lauk ekki á árinu og verður fram haldið á árinu 2017. Fleiri hús fá nýtt og uppfært merki og vefir Menningarhúsanna verða teknir í gegn, vefumsjónarkerfi uppfært sem og útlit og ásýnd. Undir lok árs var unnin vefstefna fyrir Menningarhúsin í Kópavogi en sú stefna og vinna verður nýtt í áframhaldandi vefvinnu.

Listráð og tónleikaráð

Listráð voru skipuð í Menningarhúsum Kópavogs á árinu, annars vegar listráð Gerðarsafns og hins vegar tónleikaráð Salarins. Tilgangur þessara ráða er að veita viðkomandi stjórnendum ráðgjöf og styrkja enn frekar faglegt starf í Menningarhúsum Kópavogs.

Þetta er í fyrsta sinn sem slík ráð eru skipuð í menningarstarfi bæjarins. Stjórnendur Gerðarsafns og Salarins völdu listamenn úr viðkomandi greinum í ráðin með það í huga að þau endurspegluðu ólíkan bakgrunn og að sérfræðiþekking þeirra næði yfir breitt svið. Listræn ábyrgð er þó sem fyrr í höndum stjórnenda Gerðarsafns og Salarins.

Skipanin er til að byrja með tilraunaverkefni til eins árs og verður þá ávinningurinn metinn og framhaldið ákvarðað með hliðsjón af því.

Í listráði Gerðarsafns sitja myndlistarmennirnir Bjarni Sigurbjörnsson, Ólöf Nordal og Sirra Sigrún Sigurðardóttir auk Kristínar Dagmarar Jóhannesdóttur, listræns stjórnanda Gerðarsafns.

Tónlistarmennirnir Bjarni Frímann Bjarnason, Erpur Eyvindarson og Guðrún Birgisdóttir skipa tónleikaráð Salarins auk forstöðumannsins Aino Freyju Järvelä.

LJÓÐSTAFUR JÓNS ÚR VÖR.
Karen E. Halldórsdóttir, formaður lista- og menningarráðs, Dagur Hjartarson verðlaunahafi, Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri og Anton Helgi Jónsson skáld

FJÖLSKYLDUSTUND Í MENNINGARHÚSUM KÓPAVOGS

Breytingar á húsnæði Bókasafns Kópavogs

Viðamiklar breytingar voru gerðar á rými Bókasafns Kópavogs fyrri hluta árs og má sem dæmi nefna að afgreiðslurými var breytt og bætt, útbúið var fundarherbergi sem ber nafnið Beckmannsstofa og barnadeild var flutt af þriðju hæð niður á þá fyrstu. Um leið voru gólf pússuð og veggir málaðir og merkingar bættar innanhúss.

Tilgangurinn er að mæta betur þörfum gesta en með flutningi barnadeildarinnar þurfa börn ekki lengur að klöngrast upp marga stiga til að komast í barnadeildina.

Breytingarnar mæltust vel fyrir og hefur aðsókn á safnið, einkum á barnadeildina, aukist svo mikið á árinu að nú stendur til að stækka hana enn frekar til að geta mætt fjöldanum.

Tíbrá í Salnum og tónleikasjóður

Nýr tónleikasjóður Salarins í Kópavogi var settur á laggirnar með myndarlegu fjárframlagi úr lista- og menningarsjóði. Um er að ræða tilraunaverkefni til eins árs.

Markmiðið er að efla tónleikahald í Salnum, stuðla að nýjungum í tónlistarlífi og gefa tónlistarmönnum færi á að koma fram í einum besta tónleikasal landsins.

Auglýst var eftir umsóknum á vormánuðum og var sóst eftir tónlistarviðburðum af öllum stærðum og gerðum, svo sem í klassík, poppi, pönki, jazzi eða hverri annarri tónlistarstefnu. Tónleikaráð ásamt forstöðumanni Salarins lagði mat á umsóknirnar og lagði tillögur að styrkúthlutunum og tónleikum fyrir lista- og menningarráð.

Að hausti hófst svo tónleikaröð undir nafni Tíbrár, þar sem styrkhafar leika og syngja, og stendur hún yfir fram á vor 2017. Verður þá verkefnið metið, hvort endurtaka eigi leikinn að nýju og þá hvernig.

Tónleikaröðin Tíbrá í Salnum í Kópavogi hefur farið sérstaklega vel af stað á þessu hausti.

Magnús Guðmundsson menningarblaðamaður um Tíbrá

Opið á sumardaginn fyrsta

Í fyrsta sinn var opið í öllum Menningarhúsum Kópavogs á sumardaginn fyrsta og boðið upp á fjölbreytta lista- og menningardagskrá fyrir alla fjölskylduna undir yfirskriftinni Ferðalög. Til dæmis var í Náttúrufræðistofu í boði kynning á farfuglum og í Salnum var hægt að hlýða á tónlist frá mismunandi löndum.

Með því að hafa opið á sumardaginn fyrsta vildu Menningarhúsin bæta þjónustu sína og auka um leið framboð á afþreyingu á þessum almenna frídegi.

Aðsókn var góð og gestir ánægðir með þessa nýbreytni. Skátarnir í Kópavogi hafa hingað til haldið utan um dagskrá sumardagsins fyrsta en vilji er til þess að vera í nánara samstarfi við þá í framtíðinni á þessum degi.

Hausthátíð Menningarhúsanna í Kópavogi

Til að kynna starfsemi Menningarhúsa Kópavogs og dagskrá vetrarins var haldin viðamikil hausthátíð fyrsta laugardaginn í byrjun september undir yfirskriftinni Hausthátíð Menningarhúsa Kópavogs. Þetta er í fyrsta sinn sem slík kynningarhátíð er haldin að hausti með fjölbreyttri dagskrá í öllum húsunum. Áhersla var lögð á að bjóða gestum að kíkja baksviðs, svo sem að skoða búningsherbergin í Salnum, rannsóknarstofuna í Náttúrufræðistofu Kópavogs, listaverkageymslu Gerðarsafns og bókaplöstun í Bókasafni Kópavogs, svo dæmi séu nefnd.

Dagurinn markaði jafnframt upphaf fjölskyldustunda vetrarins og lágu frammi dagskrárbæklingar um starfið næstu mánuðina. Á fjölskyldustundum, sem haldnar eru alla laugardaga, er lögð áhersla á að fræða börn og fjölskyldur þeirra um listir og menningu, þeim að kostnaðarlausu. Um leið er verið að laða að fleiri gesti í húsin og gefa innsýn í metnaðarfullt starf sem fram fer allan ársins hring.

Ljóðahátíð

Áfram var unnið að því að efla ljóðahátíð í kringum ljóðasamkeppni Ljóðstafs Jóns úr Vör en úrslit voru að venju kynnt í Salnum 21. janúar á fæðingardegi skáldsins. Þetta var í fimmtánda sinn sem bærinn efndi til samkeppninnar. Einnig voru úrslit kynnt í Ljóðasamkeppni grunnskóla Kópavogs.

Dagana fyrir og eftir voru ýmsar uppákomur tengdar ljóðlist í Menningarhúsum Kópavogs, einkum í Bókasafni Kópavogs, undir yfirskriftinni: Dagar ljóðsins. Til dæmis voru í boði ljóðasmiðjur fyrir börn, settur upp ljóðaveggur og flutt fræðsluerindi. Ljóðum var dreift í öllum Menningarhúsunum og í strætisvögnum í Kópavogi voru birt verðlaunaljóð í ljóðasamkeppni grunnskólabarna, svo fátt eitt sé nefnt.

Tilgangur ljóðasamkeppni og Daga ljóðsins er að efla og vekja áhuga á íslenskri ljóðlist. Um það bil 300 ljóð bárust. Í dómnefnd voru Anton Helgi Jónsson skáld, Ásdís Óladóttir skáld og Bjarni Bjarnason rithöfundur.

Dagur Hjartarson hlaut Ljóðstafinn fyrir ljóð sitt Haustlægð en verðlaunafé hafði verið tvöfaldað frá árinu áður. Í öðru sæti var Hrafnhildur Þórhallsdóttir með ljóð sitt Þrá og í þriðja sæti var Sigurlín Bjarney Gísladóttir með ljóð sitt Arfur.

Í ljóðasamkeppni grunnskóla Kópavogs hrepptu þær Martyna Joanna Szopa og Oliwia Lenska sem eru 12 og 13 ára nemendur úr Álfhólsskóla efsta sætið með ljóð sitt Ég sit á göngustígnum. Þær eru báðar pólskar og hafa búið á Íslandi í fimm og átta ár með mæðrum sínum. Elís Þór Traustason úr Lindaskóla var í öðru sæti en þriðja sæti kom í hlut Sonju Marie Rebekkudóttur, Hörðuvallaskóla.

Aðventuhátíð öðru sinni

Aðventuhátíðin í Kópavogi var öðru sinni haldin á svæðinu við Menningarhúsin í Kópavogi, daginn fyrir fyrsta sunnudag í aðventu. Tendrað var á jólatré Kópavogs á túninu milli húsanna og auk hefðbundinnar dagskrár með ræðum og leik Skólahljómsveitar Kópavogs var hægt að sækja jólatónleika, jólasmiðjur, jólalestur og jólafróðleik í Menningarhúsunum.

Litlum jólahúsum var einnig komið fyrir á svæðinu á milli húsanna þar sem hægt var að kaupa ýmsan jólavarning af einstaklingum og fyrirtækjum, svo sem sultur, kjöt og olíur. Jólasmiðjur voru einnig í boði daginn eftir og ljóst að aðventuhátíðin tókst vel í skjóli Menningarhúsa Kópavogs.

Bæjarlistamaður og heiðurslistamaður

Á árinu var Kristín Þorkelsdóttir myndlistarmaður og hönnuður útnefnd heiðurslistamaður Kópavogs 2016 til 2017. Ásgeir Ásgeirsson gítarleikari var útnefndur bæjarlistamaður.

Lista- og menningarráð tekur ákvörðun um bæjarlistamann og heiðurslistamann en heiðurslistamaður bæjarins hefur verið valinn allt frá árinu 1988. Með því er verið að heiðra listamann fyrir ævistarf. Bæjarlistamaður hefur einnig verið valinn undanfarin ár og er honum falið að miðla list sinni til barna og ungmenna í Kópavogi.

Kristín Þorkelsdóttir starfaði við grafíska hönnun í áratugi, var hönnunarstjóri allra núgildandi peningaseðla Íslands, hannaði íslenska vegabréfið og fjöldann allan af veru-umbúðum, bókakápum og merkjum. Hún hóf feril sem listmálari árið 1984 og hefur meðal annars fengist við landslagstengdar myndir og portrett.

Ásgeir Ásgeirsson er einn fremsti og fjölhæfasti gítarleikari Íslands. Hann hefur gefið út tvær sólóplötur og leikið inn á hátt í 100 hljómplötur. Þá hefur Ásgeir einnig verið tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna fyrir eigin tónsmíðar.

Ásgeir hefur lagt rækt við flutning Balkantónlistar. Hann heimsótti á árinu alla skóla Kópavogs sem bæjarlistamaður og flutti ásamt félögum sínum tónlist frá Balkanskaga.

ÓPERUDAGAR Í KÓPAVOGI

BÓKASAFN KÓPAVOGS

CYCLE, alþjóðleg listahátíð í Kópavogi

Listahátíðin Cycle var haldin öðru sinni í Menningarhúsum Kópavogs í lok október en hátíðin er vettvangur samtíma-tónlistar og myndlistar. Viðburðir og sýningar, tónleikar og gjörningar fóru fram í Gerðarsafni, Salnum, Náttúrufræðistofu og Bókasafni Kópavogs en hátíðin teygði ennfremur anga sína um alla Hamraborg.

Um eitt hundrað íslenskir og alþjóðlegir listamenn tóku þátt en hátíðin stimplaði sig vel inn í menningarsenu Íslendinga árið á undan og var tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2015 sem viðburður ársins í flokki sígildrar og samtímatónlistar og til Menningarverðlauna DV 2015 í flokki myndlistar.

Frumsýning hátíðarinnar hlaut mikla umfjöllun og var vel tekið. Í umsögn Íslensku tónlistarverðlaunanna um hátíðina segir að hátíðin hafi verið „afar metnaðarfull og spennandi listahátíð þar sem sjónum var beint að tengslum tónlistar, hljóðlistar, gjörningalistar, myndlistar og arkitektúrs í samtímanum. Hátíðin átti í frjóu samtali við áhorfendur og gesti og var flutningur í hæsta gæðaflokki.—·

Sýningarstjóri hátíðarinnar í ár var Eva Wilson, rithöfundur og sýningarstjóri. Þótt flestir viðburðir hafi farið fram í lok október stóð miðpunktur hennar, sýning í Gerðarsafni, fram til 18. desember. Á því tímabili fóru fram einstakir gjörningar og viðburðir víða í Menningarhúsum Kópavogsbæjar. Stjórnendur hátíðarinnar voru sem fyrr Guðný Guðmundsdóttir, Tinna Þorsteinsdóttir og Fjóla Dögg Sverrisdóttir.

CYCLE hefur á tveimur árum sett mark sitt á íslenskt menningarlíf með afgerandi hætti, ekki síst hvað viðkemur faglegri framsetningu á listsköpun yngri kynslóða listamanna. Sá bræðingur, eða samruni á milli listgreina, sem einkennir CYCLE markar sérstöðu hátíðarinnar á Íslandi og viðfangsefna hennar, auk þess að vera bein skírskotun í þá þróun sem er að eiga sér stað í samtímalistum víða um heim. Hátíðin nýtur nú þegar virðingar sem vett-vangur þar sem faglegar kröfur og nýsköpun haldast í hendur. Ávinningurinn af þeirri stefnumótun endurspeglast í áhuga ungs fólks á hátíðinni, hvort heldur litið er til almennings eða þeirra sem stunda nám við listir. Hvað Listaháskóla Íslands varðar eru samstarfsfletir fjölmargir og munu án efa halda áfram að þroskast og þróast eftir því sem hátíðinni vex fiskur um hrygg.

Fríða Björk Ingvarsdóttir, rektor LHÍ

Safnanótt

Safnanótt fór venju samkvæmt fram í byrjun febrúar og tóku öll Menningarhúsin í Kópavogi þátt. Opið var í húsunum fram til miðnættis og dagskrá metnaðarfull, svo sem með tónleikum, fatamarkaði, náttúrufræðslu, sögufræðslu, leikjum, spákonulestri og leiðsögn inni í lista-verkageymslu Gerðarsafns.

Aðsókn gesta að Safnanótt í Kópavogi hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár en Molinn, ungmennahús Kópavogs, er einnig með opið fram til miðnættis með sýningum og viðburðum.

Fyrir Safnanótt hefur bæklingur með upplýsingum um viðburði og dagskrá Menningarhúsanna verið sendur í hvert hús í Kópavogi en með því er jafnframt kynnt betur það sem í boði er allan ársins hring.

Ormadagar, barnamenningar-hátíð í Kópavogi

Ormadagar, barnamenningarhátíð í Kópavogi, fór fram í Kópavogi í apríl undir listrænni stjórn tónlistarkonunnar Pamelu De Sensi í samstarfi við starfsfólk Menningarhúsa Kópavogs. Leik-skólabörnum var þá í heila viku boðið að sækja heim Menningarhúsin og taka m.a. þátt í lista- og fræðslusmiðjum. Tónlistarskóli Kópavogs og nemendur hans taka einnig þátt í hátíðinni. Hápunkturinn var fjölbreytt lista- og menningar-dagskrá sumardaginn fyrsta en henni lauk á sunnudeginum með barnamenningarmessu í Kópavogskirkju.

Markmið barnamenningarhátíðar er að fræða börn um listir, menningu og ólíka menningarheima og gefa þeim um leið innsýn í starf safna, tónlistarskóla og tónleikahúss.

Í fyrsta sinn var barnamenningarhátíðin í Kópavogi dagsett á sama tíma og barna-menningarhátíðir víðar annars staðar á höfuðborgarsvæðinu, svo sem í Reykjavík, Garðabæ og á Seltjarnarnesi, en með því næst betri slagkraftur í kynningu á hátíðinni.

Útivistarsvæði

Áfram var hlúð að útivistarsvæðinu milli Menningarhúsa Kópavogs en árið á undan hafði verið gerð tilraun til að gera svæðið meira aðlaðandi með leiktækjum, blómakerjum, listaverkum og bekkjum.

Starfsmenn Menningarhúsa Kópavogs tóku sig til á vordögum og flikkuðu upp á leiktæki á svæðinu, endurhönnuðu og máluðu þau í fögrum litum og skreyttu með blómum undir leiðsögn Kristínar Maríu Sigþórsdóttur upplifunarhönnuðar.

Myndlistarkonan Þórdís Erla Zoëga málaði einnig teppi í lautinni á milli húsanna, sem náði yfir stóran flöt og kallaðist á við aðrar breytingar á svæðinu. Á góðviðrisdögum voru settir sólstólar út á tún og leiktæki, svo sem mörk, boltar, krítar og kubb, voru lánuð til gesta.

Töluverð breyting hefur því orðið á útivistarsvæðinu á tveimur árum, frá því sem áður var, þegar svæðið var undirlagt bílum. Næg bílastæði eru vestan Gerðarsafns og handan götunnar í bílastæðahúsi við Molann. Áfram er þó gert ráð fyrir að fatlaðir geti lagt bílum beint fyrir framan Bókasafn Kópavogs, enda gott aðgengi fyrir fatlaða mjög mikilvægt.

Garðskálinn

Rekstur Garðskálans, veitingahúss í Gerðarsafni, hófst fyrir alvöru í upphafi ársins en árið áður auglýstu Menningarhúsin í Kópavogi eftir rekstraraðilum. Gengið var frá samkomulagi við matreiðslumann og innanhússhönnuð um reksturinn, þau Ægi Friðriksson og Írisi Ágústsdóttur. Þau sjá þar með alfarið um veitingahúsið en eru háð opnunartíma Gerðarsafns, sem er frá kl. 11 til 17 alla daga nema mánudaga, en þá er lokað.

Tilraunir hafa þó verið gerðar með lengri opnunartíma af og til og er stefnt að fleiri tilraunum í þá átt þegar fram líða stundir.

Aðsókn inn á svæði Menningarhúsa Kópavogs hefur aukist umtalsvert eftir opnun Garðskálans og það þýðir líka að bæjarbúar átta sig betur á hvað Menningarhúsin hafa að bjóða.

Listi yfir styrkþega

Styrkir á árinu	
Valdi Vallarvinur	50.000
Líttu inn í Salinn	500.000
Skólakór Kársness afmæli	500.000
Tónlistarhátíð unga fólksins	500.000
Mozart við kertaljós	100.000
Verkefni í Molanum	110.000
Cycle	4.000.000
Samkór afmæli	400.000
Gerpla afmæli í maí	300.000
Anarkía, listasalur	300.000
TKTK (hefur ekki verið greitt)	650.000

Fastir rekstrarstyrkir

Rekstrarstyrkir	
Kvennakór Kópavogs	180.000
Karlakór Kópavogs	180.000
Samkór Kópavogs	180.000
Söngvinir aldraðra	180.000
Ritlistarhópur Kópavogs	120.000
Sögufélag Kópavogs	180.000
Myndlistarfélag Kópavogs	180.000



CYCLE 2016 Gunnar Grímsson

LEIÐSÖGN Á GERÐARSAFNI

AÐSÓKNARTÖLUR

Náttúrufræðistofa Kópavogs
jan–okt 2015
8.301

jan–nóv 2016
11.576



Gerðarsafn
jan–nóv 2015
9.985

jan–nóv 2016
15.304



Salurinn
jan–nóv 2015
22.550

jan–nóv 2016
22.414



Tónlistarsafn Íslands
jan–nóv 2015
1.669

jan–nóv 2016
1.266

Bókasafn Kópavogs

jan–nóv 2015
116.111

jan–nóv 2016
126.758

Ábyrgðarmaður og texti
Arna Schram,
forstöðumaður
menningarmála
í Kópavogi
Útgefið
Janúar 2017
Hönnun og umbrot
Studio Studio
(Arnar Freyr Guðmundsson,
Birna Geirfinnsdóttir)
Myndir
Kópavogsbær